



Fyrir er tekið mál nr. 1/2013

KFR-Valkyrjur og ÍR-BUFF

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I

Aganefnd KLÍ barst upphaflega dómarskýrsla frá KFR-Valkyrjum, dags. 8. apríl 2013 í kjölfar viðureignar KFR-Valkyrja og ÍR-Buff sem fram fór sama dag í Egilshöll í 17. umferð Íslandsmóts liða. Fram kom í skýrslunni að eftir fyrsta leik liðsins hafi komið í ljós að gleymst hafi að skrá Theódóru Ólafsdóttur á leikskýrslu en hún spilaði fyrsta leikinn. Í samráði við Þórarinn Þorbjörnsson hafi verið ákveðið að skipta henni út eftir fyrsta leik og halda leik að öðru leyti áfram og eftirláta aganefnd að fjalla um málið.

Aganefnd fékk athugasemdir ÍR-Buff í tölvupósti dags. 9. apríl 2013 þar sem fram kom m.a. að ÍR-Buff taldi að Theódóra hefði ekki haft leikheimild í samræmi við 5. gr. reglugerðar um keilumót og af þeim sökum beri að dæma KFR-Valkyrjum leikinn tapaðan. Þá gerði ÍR-Buff athugasemd við að leikskýrslan KFR-Valkyrja væri ekki rétt útfyllt í samræmi við 8. gr. reglugerðarinnar, þar sem fyrstu fjórir leikmenn á leikskýrslu skulu vera leikmenn í fyrsta leik, aðrir leikmenn séu varamenn.

KFR-Valkyrjum var veitt tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna athugasemda ÍR-Buff. Bárust þær í tölvupósti dags. 9. apríl 2013 þar sem fram kom að Theódóra hefði haft leikheimild umrætt sinn. Þá kom fram að ástæðan fyrir því að leikmenn væru ekki skráðir í rétta röð í efri hluta skýrslu væri vegna þess svo heimaliðið upplýsti ekki hitt liðið um röð leikmanna þannig að heimaleikjarétturinn félli niður dauður.

Aganefnd fékk staðfestingu á því að Theódóra væri með gilda leikheimild á vegum KLÍ.

Aganefndin hittist á fundi þann 10. apríl 2013 til þess að fara yfir framkomin gögn. Á fundinum var gagnaöflun lýst lokinni og málið tekið til úrskurðar.

Aganefnd fjallar einungis um brot á leikstað sem koma fram í dómarskýrslu og telur að umrætt atvik falli undir þá skilgreiningu. Í ljósi þess er það mat aganefndar að nefndin sé bær



til að fjalla um framangreint atvik. Það er hins vegar Dómstóls ÍSÍ að fjall um kærumál en málið kom ekki inn á borð til aganefndar í formi kæru.

Eftir að hafa farið yfir framkomin gögn og upplýsingar telur aganefnd ekkert í málinu benda til þess að Theódóra hafi ekki verið með leikheimild umrætt sinn, aftur á móti var hún ekki á leikskýrslu umrætt sinn. Um það hvernig leikmenn hafa leikheimild er fjallað um í reglugerð KLÍ um féлага- og/eða liðaskipti, en ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að Theódóra hafi ekki öðlast leikheimild í samræmi við ákvæði umræddrar reglugerðar.

Þá fellst aganefnd á þær skýringar KFR-Valkyrja að heimaleikjaréttur sé lítils virði ef útiliðið fengi upplýsingar um uppröðun leikmanna heimaliðsins í fyrsta leik.

Þar sem Theódóra var ekki á leikskýrslu umrætt sinn er það mat aganefndar að skor hennar verði fellt niður, eins og enginn hafi leikið umrætt sinn og verði skorið í umræddum leik 0. Í ljósi þess unnu ÍR-Buff fyrsta leik viðureignarinnar 4-2 þar sem heildarskor KFR-Valkyrja færir niður úr 649 í 466. Heildarskor KFR-Valkyrja færir niður úr 2062 í 1879. Í ljósi framangreinds þar sem skor Theódóru var fellt niður er það niðurstaða nefndarinnar að leikurinn í heild hafi endað 13-7 KFR-Valkyrjum í vil í stað 16-4. Að öðru leyti en framan greinir helst skor leikmanna óbreytt.

Úrskurðarorð

Skor Theódóru Ólafsdóttur í fyrsta leik KFR-Valkyrja og ÍR-Buff þann 8. apríl 2013 er fellt niður. Fyrsti leikur viðureignar KFR-Valkyrja og ÍR-BUFF fór 2-4 fyrir ÍR-BUFF en viðureignin í heild sinni 13-7 fyrir KFR-Valkyrjum.

Ólafur Páll Vignisson

Ómar Kristjánsson

Bragi Már Bragason